

Aðalfundur Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. 2026

Fundurinn var haldinn á Vinnustofu Kjarvals, Austurstræti 10a, 101 Reykjavík, þann 28.maí 2026 og hófst kl. 14.00.

Mætt: Steinunn Sigvaldadóttir frá fjármálaráðuneytinu fyrir hönd hluthafa, Salóme Guðmundsdóttir stjórnarformaður, Einar Gunnar Thoroddsen stjórnarmaður, Einar Jón Pálsson stjórnarmaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir stjórnarmaður, Guðmundur Daði Rúnarsson stjórnarmaður, Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri og Bryndís Lúðvíksdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2025.
3. Kosning stjórnar og endurskoðunarfélags.
4. Ráðstöfun á hagnaði/tapi og greiðslum á arði.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kynning stjórnar á samþykktari áhættustefnu félagsins fyrir eiganda.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Áður en farið var í dagskrá fundarins fór fram kosning fundarstjóra og fundarritara.

Salóme Guðmundsdóttir bauð fólk velkomið á 20. aðalfund Kadeco og lagði til að hún yrði fundarstjóri og Bryndís Lúðvíksdóttir yrði fundarritari. Það var samþykkt.

Engin athugasemd var gerð við boðun fundarins og telst hann því löglega boðaður.

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.

Skýrsla stjórnar var lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2025

Tap ársins nam 54,1 millj.kr,- og heildareignir félagsins í árslok 2025 námu 1.147,8 millj. kr. Ársreikningurinn var lagður fram og var hann staðfestur af hluthafa.

3. Kosning stjórnar og kosning endurskoðunarfélags.

Steinunn Sigvaldadóttir fyrir hönd hluthafa lagði til að kosningu stjórnar væri frestað til 16.júní 2026 á framhaldsaðalfundi félagsins.

Tillagan var samþykkt.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykktu félagsins.

4. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði.

Tillaga var gerð um að greiða ekki út arð og að tap ársins yrði fært á eigið fé félagsins.

Það var samþykkt.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið var fyrir starfsárið 2026 að laun stjórnarmanna yrðu hækkuð um 3,5% og að laun formanns yrðu kr. 320.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 160.000.- á mánuði og laun varamanns kr. 80.000.- fyrir hvern setinn fund.

6. Áhættustefna

Stjórnaformaður kynnti samþykkt áhættustefnu félagsins og kallaði eftir athugasemdum eiganda.

Hluthafi þakkaði kynninguna athugasemdalaust.

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál löglega fram borin.

Steinunn Sigvaldadóttir þakkaði fyrir hönd hluthafa, stjórn og starfsmönnum fyrir vel unnin störf.

Stjórnaformaður þakkaði stjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

Engin frekari mál voru rædd undir lið nr.7.

Fundi var frestað til 16. júní 2026.

Bryndís Lúðvíksdóttir, fundarritari.